



**332. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 12. janúar 2023 kl. 12:00.**

**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Þórey Edda Elísdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Garðar Svansson, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir, Hörður Þorsteinsson, Ingi Þór Ágústsson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, Olga Bjarnadóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Andri Stefánsson framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir sviðsstjóri.**

**Forföll: Gunnar Bragason gjaldkeri, Ásdís Hjálmsdóttir Annerud, Knútur G. Hauksson og Valdimar Leó Friðriksson.**

#### **Dagskrá:**

##### **1. Upplýsingar frá skrifstofu og sviðum**

Andri Stefánsson fór yfir helstu verkefni skrifstofu og sviða, sbr. samantekt þar að lútandi.

##### **2. Fjármálaupplýsingar**

Hörður Þorsteinsson og Andri Stefánsson skýrðu frá fundi fjármálaráðs ÍSí í síðustu viku. Í lok árs fer fram uppgjör á útbreiðslustyrk þar sem allar upphæðir liggja þá fyrir. Styrkurinn var hærri en áætlað var vegna góðrar afkomu lottós.

Rætt um útreikninga á útbreiðslustyrknum og voru fundarmenn sammála um að tími væri kominn á að endurskoða forsendur. Málið verður skoðað samhliða endurskoðun á öðrum styrkjum ÍSí.

##### **3. Úthlutun**

Búið er að greiða út loka úthlutun ríkisins til íþróttahreyfingarinnar, vegna afleiðinga COVID-19. Um er að ræða 450 m.króna sem ráðuneytið greiddi beint út, án aðkomu ÍSí, að þessu sinni vegna lagalegra forsenda.

##### **4. Erindi Afrekssviðs ÍSí um þátttakendur í EYOWF 2023 á Ítalíu**

Tekið fyrir erindi frá Afrekssviði ÍSí þar sem óskað er eftir staðfestingu framkvæmdastjórnar á þátttakendum í Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar sem fram fer í Friuli Venezia Giulia á Ítalíu síðar í mánuðinum. Brynja Guðjónsdóttir verður aðalfararstjóri og Kristín Birna Ólafsdóttir aðstoðarfararstjóri hópsins.

Tillaga Afrekssviðs samþykkt samhljóða. Eftirfarandi verða keppendur fyrir Íslands hönd á hátíðinni:

Frá Skautasambandi Íslands:

Freydís Jóna Jing Bergsveinsdóttir keppandi á listskautum  
Sergei Kulbach, þjálfari

Frá Skíðasambandi Íslands:

Esther Ösp Birkisdóttir, keppandi í alpagreinum  
Sonja Li Kristinsdóttir, keppandi í alpagreinum  
Eyrún Erla Gestsdóttir, keppandi í alpagreinum

Pórdís Helga Grétarsdóttir, keppandi í alpagreinum  
Matthías Kristinsson, keppandi í alpagreinum  
Bjarni Þór Hauksson, keppandi í alpagreinum  
Torfi Jóhann Sveinsson, keppandi í alpagreinum  
Stefán Gíslason, keppandi í alpagreinum  
Fjalar Úlfarsson, þjálfari í alpagreinum  
Egill Ingi Jónsson, þjálfari í alpagreinum

Sigríður Dóra Guðmundsdóttir, keppandi í skíðagöngu  
Birta María Vilhjálmisdóttir, keppandi í skíðagöngu  
Fróði Hymer, keppandi í skíðagöngu  
Ástmar Helgi Kristinsson, keppandi í skíðagöngu  
Grétar Smári Samúelsson, keppandi í skíðagöngu  
Þorsteinn Hymer, þjálfari í skíðagöngu  
Lilli Marie Myhre Ofstad, þjálfari í skíðagöngu

Júlíetta Iðunn Tómasdóttir, keppandi á snjóbretti  
Alís Helga Daðadóttir, keppandi á snjóbretti  
Reynar Hlynsson, keppandi á snjóbretti  
Ari Eyland Gíslason, keppandi á snjóbretti  
Jökull Elí Borg, keppandi á snjóbretti

Dagbjartur Gunnar Halldórsson fer sem flokkstjóri frá Skíðasambandi Íslands. Einnig verða í fararstjórn Arna Mekkín Ragnarsdóttir sjúkrabjálfi, Sigríður Dröfn Auðunsdóttir ungur leiðtogi og Aðalbjörg Lillý Hauksdóttir, ungur sendifulltrúi (Young Ambassador).

Hörður Þorsteinsson fer fyrir hönd stjórnar ÍSÍ á hátíðina og Andri Stefánsson framkvæmdastjóri mun sækja síðustu daga hennar.

Umræður urðu um niðurröðun stjórnarfólks á viðburði sem ÍSÍ tekur þátt í, bæði hér á landi sem erlendis.

## **5. Íþróttaping ÍSÍ**

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að verið væri að skoða nokkra möguleika varðandi staðsetningu þingsins hér á höfuðborgarsvæðinu. Undirbúningur ársskýrslu er hafinn, sem og undirbúningur lagabreytinga.

## **6. Staða vinnuhópa**

Úlfur H. Hróbjartsson kynnti lauslega tillögur vinnuhóps ÍSÍ um nýjar íþróttagreinar. Hópurinn er á lokasprettinum varðandi skil á lokaskýrslu. Fundarmenn tóku vel í tillögurnar sem verða skoðaðar nánar á milli funda.

Kynningu á stöðu mála í vinnuhópi ÍSÍ um íþróttahéruð var frestað til næsta fundar.

## **7. Erindi mennta- og barnamálaráðuneytis um tilnefningu fulltrúa ÍSÍ í starfshóp um bætt aðgengi barna að hestaiþróttum**

Tekið fyrir ofangreint erindi. Samþykkt að leggja til við ráðuneytið að sá aðili af tveimur tilnefndum fulltrúum Landssambands hestamannafélaga (LH) sem ekki verður valinn í hópinn verði tekinn inn sem fulltrúi ÍSÍ. Þetta er gert með vitneskju og vilja LH. Tilnefndir fulltrúar LH eru Edda Rún Ragnarsdóttir og Hákon Hákonarson.

## **8. Heiðranir**

Engar tilnefningar lágu fyrir fundinum.

## **9. Fundargerðir**

Eftirfarandi fundargerðir teknar fyrir og staðfestar:

- 330. og 331. fundur framkvæmdastjórnar
- Fundargerð Afrekssjóðs ÍSÍ frá 9. janúar. **Tillögur að niðurfellingum samþykktar samhljóða.**
- Fundargerð laganefndar ÍSÍ frá 14. desember 2022. **Tillögur um afgreiðslu laga samþykktar samhljóða.**
- Samantekt frá skrifstofu og sviðum.

Undir þessum dagskrárlíð var rætt um umhverfi afreksíþróttafólks, m.a. kynningarmál. Einnig var rætt um endurskoðun á reglugerð Afrekssjóðs ÍSÍ.

## **10. Viðburðir framundan**

Farið yfir viðburði sem framundan eru.

Garðar Svansson hvatti fundarmenn til að skoða viðburðarlistann og skrá sig á ársþing sambandsaðila.

## **11. Næstu fundir**

Næstu fundir eru áætlaðir 9. febrúar, 2. mars, 30. mars og 13. apríl.

## **12. Önnur mál**

### **Frá fundi EOC Gender Equality and Inclusion Commission**

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir skýrði frá fundi ofangreindar nefndar Evrópusambands Ólympíunefnda, sem hún á sæti í. Einblínt verður á kynjajafnrétti á Ólympíuleikunum í París 2024 og verða það fyrstu leikarnir þar sem hlutfall keppenda verður jafnt á milli kvenna og karla. Þar verður líka mikil áhersla lögð á öryggi keppenda.

Kolbrún Hrund benti einnig á að Bogfimisamband Íslands hefði nýlega gefið út fréttatilkynningu um fyrsta Íslandsmetið í flokki kynsegin keppenda.

### **Málefni Rafíþróttasambands Íslands**

Forseti upplýsti að nú falli málefni Rafíþróttasambands Íslands undir æskulýðsmál hjá mennta- og barnamálaráðuneytinu.

### **Lýðheilsuverkefni**

Viðar Garðarsson óskaði eftir því að lög ÍSÍ yrðu skoðuð með hliðsjón af mögulegri aðkomu ÍSÍ að lýðheilsuverkefnum, með það í huga að gera breytingar á lögum ÍSÍ ef þess er þörf.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.  
Halla Kjartansdóttir, fundarritari